

Fundargerð fyrsta fundur í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði fimmtudaginn 30. janúar kl 14.30 – 16.00 í fundarsalnum Tómothús 4. hæð í Innanríkisráðuneytinu Sölvhólgötu 7 Reykjavík.

Viðstaddir: Pétur K. Maack (PKM), Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Kári Gunnlaugsson (KG), Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG), Auður Lilja Arnþórsdóttir (ALA), Haraldur Briem (HB), Hildur Reykdal (HR) og Jón Pétur Jónsson (JPJ) varamaður Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur.
Fjarverandi: Björn Óli Hauksson

Dagskrá sem lá fyrir fundinum var samþykkt.

1. Kynning fulltrúa
Fundarmenn kynntu sig og aðkomu sína að flugvirkt.
2. Flugvirkt (formaður og fulltrúi Samgöngustofu)
PKM gerði grein fyrir mikilvægi flugvirkar en jafnframt að hann teldi að flugvirkarráð væri fyrst og fremst samráðsvettvangur en starfsemi þess ætti eftir að móta.
HSS fór yfir alþjóðaskuldbindingar Íslands varðandi flugvirkt (facilitation), tengslin við Alþjóðaflugmálastofnunina ICAO og samtök evrópskra flugmálastjórna ECAC og nefndi helstu reglugerðir og skjöl tengd flugvirkt. Það sem fyrst og fremst stendur útaf er að ganga frá flugvirkaáætlun Íslands.
3. Sýn fulltrúa á starfsemi flugvirkarráðs (allir)
Almennt tóku allir fulltrúar undir mikilvægi flugvirkar og flugvirkarráðs en jafnframt að þó svo flugvirkt væri ekki megin hlutverk þeirra stofnanna væru augljós tengsl við flugvirkt. HB nefndi sem dæmi gerð sóttvarnar áætlunar samkvæmt kröfum Alþjóða heilbrigðisreglugerðarinnar, JPJ og KG nefndu fjárveitingar og afkastagetu þeirra stofnanna vegna verkefna á Keflavíkurflugvelli, SJG nefndi útgáfu bráðbirgðavegabréfa, ALA sóttvarnir og tengsl við stjórnskipaða samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS), og HR að aðkoma hvers fyrir sig ætti eftir að þróast og koma í ljós.
4. Starfsemi flugvirkarráðs árið 2014
* Verkaskipting
Samþykkt að fara fram á við Samgöngustofu að leggja til fundarritara og halda opinberlega utan um gögn flugvirkarráðs.
* Gerð flugvirkaráætlunar
Samþykkt að Samgöngustofa leggi fram fyrstu drög eða ramma fyrir ráðið á næsta fundi og sendi fulltrúum fljótlega ramma fyrir slíka áætlun samkvæmt plaggi ECAC's merkt Doc. 30
5. Önnur mál
Tillaga kom fram um að ef ráðsmenn forfallist, sendi þeir varamenn í sinn stað á fundi. Ekki voru gerðar athugasemdir við tillöguna.
6. Næsti fundur
Tillaga um fund 27. mars kl 14-16 í ráðuneytinu en til þess fundar verði boðað sérstaklega.